

## **2. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss**

haldinn í Tíbrá 6. júlí 2016 kl. 18:00.

**Mættir eru:** Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Sverrir Einarsson og Viktor S. Pálsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.

**Forföll boðuðu:** Hjalti Þorvarðarson og Jóhann Helgi Konráðsson.



### **1. Greinargerð HSÍ**

Lögð fram greinargerð frá Handknattleikssambandi Íslands vegna úttektar á íþróttahúsum á Selfossi. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að handboltanum á Selfossi verði sköpuð viðunandi keppnisaðstaða í samræmi við kröfur HSÍ. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með stjórn handknattleiksdeildar við fyrsta tækifæri.

### **2. Samningur um rekstur íþróttavallar**

Fyrir liggur samningur til eins árs við Sveitarfélagið Árborg um rekstur íþróttavallar sem verður undirritaður fimmtudag 7. júlí.

### **3. Íþróttafulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar og Umf. Selfoss**

Fram kom á fundi formanns og framkvæmdastjóra Umf. Selfoss með framkvæmdastjóra Sveitarfélagsins Árborgar og íþrótt- og menningarfulltrúa Árborgar þann 27. júní sl. að bæjaryfirvöld sjái sér ekki fært að hafa forgöngu um verkefni er lítur að ráðningu íþróttafulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar og Umf. Selfoss vegna fjárhagsörðugleika Framkvæmdastjórn Umf. Selfoss harmar þessa niðurstöðu og telur hana lýsa skorti á framtíðarsýn af hálfu bæjaryfirvalda. við að efla og styrkja íþróttastarf í Árborg til framtíðar

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 20:05.  
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**